

Haustfundur SFA 2019.

Haldinn í Mathúsi Garðabæjar 29. nóvember og hófst kl. 11.30.

Forstöðumenn almenningsbókasafna víðsvegar um landið sátu fundinn, 22 að tölu. Stefanía Gunnarsdóttir bauð gesti velkomna og bað þá að kynna sig.

Í byrjun fundar fengum við góðan mat af hlaðborði Mathússins sem við gerðum góð skil.

Tvö mál voru á dagskrá fundarins:

1. Erling Kjærbo sagði frá viðarkortum sem notuð eru í Norrænahúsinu í stað hefðbundinna bókasafnskorta. Þessi kort eru framleidd í Finnlandi og eru umhverfisvæn. Erling vonar að þegar Landskerfi tekur upp nýtt kerfi, ákveði bókasöfnin að taka um leið viðarkortin í notkun. Hann mun kynna kortin nánar og senda bókasöfnunum tölvupóst þess efnis.
2. Stefanía kannaði áhuga fundargesta á fræðsluferð erlendis. Mikill áhugi er fyrir slíkri ferð og þá strax á árinu 2020. Horft er til Skandinavíu og er Osló efst á óskalistunum.

Fundargestir höfðu góðan tíma til að spjalla yfir matnum og bera saman bækur sínar. Fundi lokið kl. 12.45.

Að fundi loknum var haldið yfir í Ráðhús Garðabæjar í fundarsal sem nefnist Sveinatunga. Þar hélt Upplýsing málþing sem hófst kl. 13.00. Yfirskrift þingsins var *Framtíðin, fagið og félagið*.

Flutt voru fróðleg erindi um málefni bókasafna sem Upplýsing greinir væntanlega frá á öðrum vetfangi.

Jóhanna A. Kjartansdóttir ritari.